


Fyrirtæki á Vesturlandi ráða fólk



Mynd 20: Telur þú að starfsmönnum hjá fyrirtækinu eigi eftir að fjölga eða fækka á næstu 12 mánuðum?
Gögn Fyrirtækjakönnunar Vesturlands 2013. Fjöldi svara 179.

Tæplega fjórðungur fyrirtækja á Vesturlandi telja að starfsmönnum þeirra eigi eftir að fjölga lítið eitt á næstu 12 mánuðum. Um 65% fyrirtækja sjá fyrir sér óbreyttan fjölda starfsmanna en tæplega 10% sjá fyrir sér fækkun starfsmanna, þar af eru innan við 2% fyrirtækja sem gera ráð fyrir að starfsmönnum eigi eftir að fækka mikið. Niðurstöðurnar benda til þess að fleiri fyrirtæki á Vesturlandi sjá fyrir fjölgun starfa frekar en fækkun sem ætti að birtast í aukinni eftirspurn eftir vinnuafli á svæðinu. Það að 90% fyrirtækja á Vesturlandi sjá fyrir fjölgun eða óbreyttan fjölda starfa gæti verið vísending um gott starfsöryggi fyrir íbúa svæðisins.

Þegar Vesturlandi var skipt upp í fernt (Akranes og Hvalfjörður, Borgarfjarðarsvæði, Snæfellsnes og Dali) kom í ljós að áhugi fyrir fjölgun starfsmanna var helst bundin við Borgarfjarðarsvæðið. Þá var ferðapjónustan frekar á þeim buxunum að ráða fólk og ríkisfyrirtæki að segja fólk upp. Að öðru leyti var ekki marktækur munur á svörum á milli landsvæða, atvinnugreina og eignarforms fyrirtækjanna.

Þetta eru niðurstöður vefkönnunar sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi gerðu í nóvember meðal fyrirtækja á Vesturlandi. Tæplega 200 fyrirtæki svöruðu könnuninni sem telst nokkuð gott svarhlutfall.

Í könnuninni var Vesturlandi skipt upp í fjögur svæði. Þau eru kölluð Akranes og Hvalfjörður, Borgarfjarðarsvæði, Snæfellsnes og Dalir. Sveitarfélögin Akranes og Hvalfjarðarsveit voru Akranes og Hvalfjörður, Borgarbyggð og Skorradalshreppur Borgarfjarðarsvæði. Þá voru Eyja- og Miklaholts-hreppur, Stykkishólmsbær, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær og Snæfellsbær kölluð Snæfellsnes og Dalabyggð eitt myndaði Dali.

Vífill Karlsson
Einar Þorvaldur Eyjólfsson

